

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Sandgerðisbótar, Óseyri 33.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. maí 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Sandgerðisbót vegna Óseyrar 33.

Breytingin felur m.a. í sér að lóð nr. 33 við Óseyri stækkar, breyting er gerð á byggingarreitum og nýtingarhlutfall lækkar úr 0,33 í 0,31. Stígur meðfram grjótgarði er felldur niður og ekki má girða svæðið af nær grjótgarðinum en sem nemur einum metra. Skipulagsbreytingunni fylgir umhverfis-skýrsla.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Glerárvirkjunar II, stöðvarhús.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. maí 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Glerárvirkjun II vegna stöðvarhúss og nágrenni þess.

Skipulagssvæðið sem breytingum tekur nær til stöðvarhúss Glerárvirkjunar II og umhverfis þess í Réttarhvammi. Gert er m.a. ráð fyrir stækkan stöðvarhúss og bílastæðis auk þess sem breyting er gerð á göngustígum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 1. júní 2017.*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2017